



4. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2021, MIÐVIKUDAGINN 6. OKT. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir, þó aldrei fleiri en fimm daga á önn. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

C. Önnur bréf

Umsókn fjarnemanda frá síðasta fundi um færslu lokaprófa samþykkt gegn gjaldi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Busaballið í síðustu viku gekk vel og fær stjórn NFFG hrós fyrir. Framundan er ferð fyrir nemendur fædda 2004 þar sem gist verður í eina nótt. FG – Flensborgardagurinn er á dagskrá seinna í október. Ef verður meira um eggjakast eða eitthvað í þá veruna verður keppnin blásin af. 15. október verður bleikur dagur og mun NFFG taka þátt í því.

3. Önnur mál

Opinn fundur á sal með nemendum þar sem stjórnendur sátu fyrir svörum ásamt stjórn NFFG gekk vel. Umræða skapaðist um hvort hægt væri að fá frí í fyrsta tíma eftir ball, spurning hve mikill þrýstingur verður frá nemendum. Kvartað er yfir langri röð í mötuneytinu og að maturinn klárast of snemma. Leitað verður leið til að laga þessi atriði.

Fundinn sátu:

Auður sigurðardóttir, náms-og starfsráðgjafi

Ásdís Björnsdóttir, kennari

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Helgi Már Herbertsson, fulltrú NFFG

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Kristófer Breki Halldórsson, fulltrú NFFG

Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir, kennari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari